

679. fundur

Mánudaginn 16. september 2019 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Elísabet Anna Jónsdóttir ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Hlynur Ingason FJR
Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lagðar voru til afgreiðslu fundargerðir 669 til 675 og 675 staðfestar. Fundargerð 676 staðfest, 26. júlí 2019 og 677 staðfest, 1. ágúst 2019. Fundargerð 678, staðfest.
2. Tekið var fyrir erindi frá Stjórnugrís ehf., og Ekrinni ehf., dags. 2. september 2019 um að vöntun væri fyrirsjáanleg á svínasíðum. Send var út fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila dags. 3. september sl. Farið var yfir innsend svör og ákveðið að fresta afgreiðslu og senda út frekari fyrirspurnir.
3. Tekið fyrir erindi frá Sölufélagi garðyrkjumanna um vöntun á kínakáli. Send var út fyrirspurn til dreifingaraðila og framleiðenda. Á grundvelli innsendra svara var ákveðið að senda eftirfarandi drög að reglugerð þar sem vísað er til 5. gr. laga nr. 160/2012 um breytingar á búvörulögum og tollalögum, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu að 7. br. á reglugerð nr. 1132/2018 sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	23.09.-31.12.19	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndum tímabilum og eftir tegundum á útiræktuðu grænmeti en byggt er aðallega á reynslu undanfarinna ára og þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.